

UMSK

ÁRSSKÝRSLA

1973



UNGENNASAMBAND
KJALARNESPINGS

ÁRSSKÝRSLA
UNGMENNASAMBANDS KJALARNESPINGS.

1973

Efni skýrslunar skrifuðu:

Sigurður Skarphéðinsson um: Þing, stjórn, skrifstofu, framkvæmdastj. fund með stjórnum, UMSK blaðið, ungmenna og æfingabúðir, UMSK mótt, viðurkenningar, íþróttadómstól, dómaranámskeið og nýjar greinar.

Ólafur Oddsson um:

Happdrætti UMSK og UMFÍ, nýjan sambandsaðila, félagsmálafræðslu, Þrastalund, búninga, félags-skírteini og Vor í Dal.

Páll Ól. Pálsson um:

Frjálsariþróttir og viðavanshlaup Fjármaí

Pálmi Gíslason um:

Fimleika

Hulda Finnþogadóttir um:

Heimsókn AAG, styrki og gjafir

Guðmundur Gíslason um:

Landgræðslu

Grétar Tryggvason um:

Skák

Jónas Jóhannsson um:

Vinnuskólan Þrastalundi

Sigurður Geirdal um:

Stefán Magnússon og

Þorvarður Áki Eiríksson um: Handknattleik

Vélfritun: Ólafur Oddsson, Anna Ágústsdóttir, Sólveig S. Sveinbjörnsdóttir og Sigurður Skarphéðinsson

Fjölfritun: Pálmi Gíslason, Jónas Jóhannsson, Grétar Tryggvason, Stefán Tryggvason og Ólafur Oddsson.

EFNISYFIRLIT.

Þingið	Bls.	1
Stjórn	"	1
Varastjórn	"	2
Mætingatafla	"	3
Skrifstofan	"	3
Framkvæmdarstjóri	"	3
Fundir með stjórnnum	"	4
Félagsmálafræðsla	"	5
UMSK blaðið	"	6
Nýr aðili	"	6
Fjármálin	"	7
Happdrætti UMSK	"	8
Happdrætti UMFÍ	"	9
Styrkir	"	10
Veitingarskálinn	"	10
Vor í Dal	"	11
Úngmennábúðir	"	13
Vinnuskóli UMFÍ og UMSK	"	15
Frjálsar íþróttir	"	16
Víðavangshlaup UMSK	"	18
Skák	"	21
Fimleikar	"	22
Nýjar íþróttagreinar	"	22
Mót UMSK	"	23
Heimsók A.A.G.	"	26
Landgræðslan	"	26
Viðurkenningar	"	27
Félagsskírteini	"	28
Íþróttabúningar	"	29
Íþróttadómstóll	"	29
Dómaranámskeið	"	29
Handknattleikur	"	30
Skrá yfir félög	"	32
Reikningrnir		

Héraðspingið.

50. ársþing UMSK. var haldið í Félagsheimili Seltjarnarnes 18. og 19. nóv. 1972. Var þetta afmælisþing og var 50 ára afmæli Sambandsins minnst í hófi að kvöldi fyrri þingdagsins. Þingstörf fóru vel fram og gengu vel og voru mörg mál rædd og margar samþykktir gerðarf. Var mál manna að þingið hafi verið vel heppnað. Vísast til þinggerðar varðandi þingið og afmælishátiðarhaldanna.

Stjórn UMSK.

Nokkrar breytingar urðu á stjórninni á síðasta þingi. Úr stjórn gengu: Steinar Lúðvíksson, Július Arnarson, Benóný Pétursson, Ólafur Friðriksson, Margrét Bjarnadóttir og Guðmundur Gíslason.

Var því stjórnin þannig skipuð á starfsárinu:

Sigurður Skarphéðinsson formaður,
 Þorvarður Áki Eiríksson v-formaður,
 Páll Ól.Pálsson ritari,
 Pálmi Gíslason gjaldkeri,
 Hulda Finnbogadóttir v-ritari,
 Finnbogi Ólafsson v-gjaldkeri,
 Jónas Jóhannsson meðstjórnandi,
 Grétar Tryggvason - " -
 Ólafur Oddsson - " -

Vara stjórn.

Steinar Lúðvíksson,	Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir,
Hafsteinn Pálsson,	Ólafur Friðriksson,
Guðmundur Gíslason,	Benoný Pétursson,
Sveinbjörn Guðmundsson,	Eysteinn Haraldsson.
Jón Ármann Héðinsson,	

Við inngöngu Siglingafélagsins Ýmir, kom Gunnar Hilmarsson í stjórnina og síðar Steinn Steinssen.

Eins og sl. veturn skipti stjórnin með sér verkum og fjölluðu stjórnarmenn hver um sig, um vissa málaflokka og voru þeir kallaðir " ráðherrar ".

Sigurður Skarphéðinsson: Félagsmál, skipulagsmál og badminton.

Þorvarður Áki Eiríksson: Handknattleik.

Finnbogi Ólafsson: Knattspyrnu og körfubolta.

Hulda Finnbogadóttir: Fimleika og borðtennis.

Páll Ól. Pálsson: Frjálsíþróttir.

Ólafur Oddsson: Starfsíþróttir og blak.

Grétar Tryggvason: Landgræðslu.

Jónas Jóhannsson: Skák og bridge.

Með verkaskiptingu þessari var stuðlað að því að verkefnin skiptust sem jafnast og best á stjórnarmenn. Þó eru hinir ýmsu málaflokkar stærri og viðameiri en aðrir og höfðu sumir stjórnarmenn meira á sinni könnu en aðrir. af þeim sökum.

Stjórnarfundir voru 22 á tímabilinu 20.nov.72 til 1.jan.74 og mættu stjórnarmenn nokkuð vel af svo fjölmennri stjórn að vera, en taflan á næstu síðu sýnir mætingar einstakra stjórnarmanna.

	6-12	14-11	8-11	25-10	11-10	27- 9	11- 9	24- 7	10- 7	19- 6	14- 5	30- 4	17- 3	31- 3	14- 4	18- 4	30- 4	17- 2	3- 2	20- 1	6- 1	9-12	29-11
Finnbogi	M O M O O M M O M M S S O O M O M S O O S O																						
Grétar	M M V S M V O V M V O O M O O M M M M M M M O																						
Hulda	M S M V M M M M M M M M V M M M M M M M M M O																						
Jónas	M M M S V M S M M V S M M M M M M M M M O O O M																						
Ólafur	M V M M M M M V M M M M V S V V V M M M M M M O																						
Páll	M M M M M M M M O M V M V M O M M S M O M M M M																						
Pálmi	M M M M M M M M M M M O O V O O V V M M M M M M M																						
Sigurður	M M M M V V M M M M M V O M V V V M M M M M M M																						
Þorvarður	M M M V M M O O O M M M M M M M M M M M M O O O O																						
Framkvstj.	M M M M M M M M M M M M M M M M M S M M M M M M O																						
Ýmir	M M O O O O O S M M O O M S O O O O O O O O O O O																						

M - mætt á réttum tíma

S - mætt of seint

V - mættur varamaður

O - ekki mætt

Fjölmargir nefndarfundir voru haldnir á árinu í hinum ýmsu málaflokkum og væri full ástæða til að skrásetja slika fundi, til heimildar, en það hefur ekki verið gert.

Fulltrúar UMSK sátu fundi sérsambanda I.S.I. og sambandsþing UMFÍ SKRIFSTOFAN.

Sem áður er srifstofa Sambandsins að Klapparstíg 16, innan veggja UMFÍ. Á henni hefur framkvæmdastjóri Sambandsins starfað. Þar hafa allir stjórnarfundir verið haldnir svo og fundir nefnda. Skifti félagsstjórna við skrifstofuna voru þó ekki eins mikil og æskilegt væri. Á skrifstofunni eru samankomnar ýmsar upplýsingar sem gætu komið félögnum til góða auk aðstöðu til vélritunar og fjölrítunar.

FRAMKVÆMDASTJÓRI.

Um áramótin 1971-72 var Guðmundur Gíslason ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins, í hálfst starf til maí loka en í fullt starf úr því, samkvæmt samþykkt stjórnar og síðan síðasta sambandsþings. Um miðjan maí sl. sagði Guðmundur upp starfi sínu og hætti um mánaðamótin júlí ágúst. Er eftir sjá af guðmundi en

framkvæmdastjóri frh.

hann hefur unnið sambandinu vel þennan tíma. Eru honum hér með færðar þakkar fyrir vel unnin störf í þágu sambandsins.

Starfið var auglýst laust til umsóknar og sóttu tveir um, þeir Þórir Sæmundsson úr Kópavogi og Ólafur Oddson. Á stjórnarfundi þ. 24. júlí var samþykkt að ráða Ólaf í þrjá mánuði til að byrja með. Ólafur gat þó ekki hafið störf fyrr en 15. september. Á kveðið var að fyrsta verkefni hann skyldi vera að standa fyrir útgáfu UMSK blaðsins. Þó fór svo að frágangur á málum Þrastalundar tók æði mikinn tíma fyrstu vikurnar. Þegar ráðningartími Ólafs var útrunninn 15. des. var stjórnin búin að ákveða að færa starf framkvæmdastjóra niður í hálf starf af fjárhagsástæðum. Gaf Ólafur ekki kost á sér til áframhaldandi starfs við þessar breyttu aðstæður. Nýr framkvæmdastjóri hefur kki verið ráðinn þegar þetta er skrifð.

FUNDIR MED STJÓRNUM FÉLAGANNA.

Í fyrra veturn hélt stjórnin fund með stjórnum félaganna og formönnum deilda þeirra. Sá fundur þótti gagnlegur og takst vel. Var ákveðið að boða til fundar með sömu aðilum að Fólkvangi á Kjalarnesi 27. janúar. Var tilgangur fundarins tvíþættur eins og fyrrí fundarins þ.e. kynningar og fræðslu fundur. Gunnlaugur J.Briem gjaldkeri íSÍ svaraði spurningunni "Hvað er íSÍ" í erindi sem hann flutti. Á eftir erindi hanns voru fyrir-spurnir og umræður um íSÍ. Að því loknu báru formenn, gjaldkerar, ritarar og meðstjórnendur saman bækur sínar í hópstarfi. Að því loknu hélt Ingvi Guðmundsson erindi um félagsleg samskifti. Var síðan rætt um þennan þátt félagsstarfsins yfir kaffibollum. Síðan voru umræður um niðurstöður hópanna um þetta mál. Á fundinn mætti Sigurður R, Guðmundsson stjórnarmaður UMFÍ og skýrði frá hugmynd um lýðskóla UMFÍ.

Þegar ákveðið var að fresta þingi sambandsins sem halda átti 24.-25. nóv. þótti sambandsstjórninni rétt að boða til fundar með stjórnum félaganna í staðinn. Var fundurinn haldinn 24. nóv. í Félagsheimili Seltjarnarness. Þar sem flest félögini voru búin að halda aðalfundi sína og nokkuð af nýju fólkis komið í stjórnir félaganna var fundurinn gott tækifæri fyrir fólkis að kynnast. Eins og á fyrrí fundinum ræddu Formenn, ritarar, gjaldkerar og meðstjórnendur saman, en að því loknu voru fluut erindi um markmið og verksvið UMSK. Í þessum atriðum:

Fundir með stjórnnum frh.

1. Hvert á félagslegt markmið UMSK að vera? Páll Aðalsteinsson flutti.
2. Hvert á íþróttalegt markmið UMSK að vera? Stefán Tryggvason flutti.
3. Hvert á kynningarlegt markmið UMSK að vera? Sig. Skarphéðinss. flutti.
4. Hvernig verður fjárhagnum borgið? Guðm. Gíslason flutti.

Að erindunum loknum voru umræður í hópstarfi og síðan almennar umræður um starfseminá. Með fundi þessum taldi stjórnin hafa létt á vœtanlegu sambandsþingi. Mæting á fundina hefði mætt vera betri, en hér fer á eftir skrá yfir mætingu félaganna á þessa two fundi.

Fundurinn 27. jan.

Fundurinn 24. nóv.

Frá Umf. Dreng	4	3+	stjórnarmaður	UMSK
" " Kjalnesinga	3	3		
" " Aftureldingu	7	5		
" " Breiðablik	3	4		
" íþrf. Gerplu	5	4+	stjórnarmaður	"
" Handk.f. Kópavogs	0	1+	" "	"
" Siglingaf. Ými	-	1+	" "	"
" Umf. Stjörnunni	4	3+	" "	"
" " Bessast.hrepps	3	0		
" íþrf. Gróttu	0	1		
Áður ótaldir stjórnarmenn UMSK	"	2		
Gestir	4	0		

FÉLAGSMÁLAFRÆDSLÁ

Á starfsárinu voru haldin 7 félagsmálanámskeið á vegum UMSK víðsvegar á sambandssvæðinu í samráði við félögir. Á hverjum stað, nema í Kópavogi þar sem Tómstundaráð Kópavogs annaðist undirbúning þeirra þriggja námskeiða, sem haldin voru þar. Leiðbeinendur voru þau Guðmundur Gíslason, Guðmundur Guðmundsson, Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir og Ólafur Oddsson, en þau hafa öll sótt námskeið ÆRR fyrir leiðbeinendur félagsmálanámskeiða, nema Sólveig sem aftur á móti var sl. sumar á Lýðskóla Sig. R. Guðmundssonar að Leirá.

Námskeiðin voru haldin: sem hér segir:

Aftuerelding	1	námskeið	11	páttakendur
Stjarnan	1	"	10	"
Bessastaðahr.	1	"	14	"
Kópavogi	3	"	60	"
Dreng	1	"	14	"
samtals	<u>7</u>	"	<u>109</u>	"

UMSK BLAÐIÐ.

Í sambandi við 50 ára afmáli UMSK s.l. haust gaf sambnadið út 60 síðna blað. Blað þetta var frjálslega upp sett og voru mjög skiftar skoðanir um ágæti blaðsins. Óhætt er að segja að ekkert blað sem UMSK hefur gefið út hafi vakið eins mikla athygli og óvist að önnur blöð sambandsins hafi verið betur lesin. Blaðið hneykslaði suma, en æðrir töldu blaðið ágætt. Eins og áður við blaðautgáfu sambandsins var því dreyft á milli félaganna og þau beðin að dreyfa því, hvert á sinu félagsvæði, það er blöðin hafa verið borin í hús og gefin.

Þá marg ákvað stjórnin að gefa út UMSK blaðið í dagblaðsbroti eins og árið áður, sem fókk góða dóma hjá flestum. Var meiningin að það flytti fréttir frá UMSK óg félögunum. En útgáfan strandaði á því að emginn vildi hætta sér út í að standa fyrir blaðinu. Það verður að segjast eins og er að reynslan af fréttablöðunum tveim og "rauða blaðinu" sýndi að vænd farið er með efni í blöðunum svo öllum líki.

Hefur

Útgáfa auglýsingablaða/jafnan tekist vel, tekjulega séð. Þar sem happ-drættið brást s.l. vor og allsætt var að endar næðu ekki saman fjárhagslega m.a. vegna dýrtíðar og verðbólgu, ákvað stjórnin að gefa út auglýsinga blað í rekjuöflunarskini. Stjórnarmenn söfnuðu auglýsingum og skrifuðu efni og samið var um offsetprentun á blaðinu. Til lækkanar á útgáfukostnaði var ákveðið að vélrita texta og líma blaðið upp á skrifstofu sambandsins. Þ.e. að blaðið var unrið að öllu leiti á skrifstofunni af stjórnarmönnum og nokkrum aðstoðarmönnum, nema prentunin og plötugerð. Heftingu vann framkvæmdastj. í prentsmijunni. Þetta tók allt langan tíma sérstaklega vegna þess að enginn kunni verkið. Tafðist útgáfa blaðsins töluvert af þeim sökum og kom blaðið því ekki út fyrr en um miðjan desember.

NÝR ADILI ÁP U.M.S.K.

"20. jan 1973 var samþykkt af stjórn UMSK að veita Siglaingaféluginu Ýmir inngöngu í UMSK og samkvæmt lögum Sambandsins öðlast félagið fullan rétt innan Sambandsins 6 máð. síðar.

Fulltrúi félagsins hefur setið stjórnarfundi Sambandsins frá því inntökubeyönin var samþykkt.

FJÁRMÁLIN.

A síðasta þingi UMSK var samþykkt að ráða starfsmann í fullt starf. Það var þegar í upphafi ljóst að erfitt yrði að láta enda ná saman fjárhagslega þar sem launagreiðslur koma til með að hækka um nær 400 þús. . Gerð var Fjárhagsáætlun í byrjun starfsárs. Þrátt fyrir verulegar hækkanir á launum og öðrum útgjaldaliðum tókst að halda gjöldunum sem næst þeirri áætlun.

Aðaltekjuliðir undanfarinna ára hafa verið styrkir frá sveitafélögum og sýslusjóðum. En þrátt fyrir myndarlega hækjun, úr 407 þús. í 635 þús. vantaði mikið upp á. Það var því ljóst að einhvað róttækt yrði að gera. Farið var á stað með blað haustið 1972, sem var þó meira kynningarrit en fjároflunarleið og gaf það af sér um 28 þús. kr. í tekjur. Þá var farið af stað með happdrætti um miðjan veturn, tekjur af því urðu um 111 þús. Reiknað hafði verið með talsverðum tekjum af minnispeningi UMSK, en eilíf svik framleiðanda kom í veg fyrir nokkrar tekjur. Við munum nú eiga óafgreidda og nýafgreidda peninga fyrir yfir 200 þús.kr, UMSK var einn af þáttakendum í Vor í Dal, Tekjur af því eru ekki klárar, en 40 þús. höfum við fengið afhent, eftir að reikning u.sambandsins var lokað og koma því ekki með í uppgjöri. Þegar ljóst var að happdrætti og minnispeningasalan gáfu ekki þær tekjur sem vonast hafði verið til, tók sambandið að sér rekstur veitingarstaðarins "Prastarlundur". Það sem vitað var að rekstur undanfarinna ára hafði gengið mjög vel ríkti mikil bjartsýni með þann rekstur en hinsvegar er ljóst að talsvert tap hefur orðið, en reikningar eru ekki enn klárir. Síðasta fjároflunarleiðin var auglýsingablað, sem byrjað var á í haust. Ekki er fyllilega ljóst hver hagnaðurinn verður, en hann mun verða um eða yfir 300 þús.kr. Bókfært tap á aðalreiknigi UMSK er um 178 þús. , en reikningsstaðan hefur þó versnað meira, þar sem meira er áf útistandandi skuldum, og eignaraukning hefur verið talsverð á árinu. Rekstur Varmár gekk fjárhagslega betur ne árið áður, en það ár var tafrekstur um 100 þús. en í ár um 46 þús. Eftir var þó að selja bingðir fyrir 8 þús.sem nú er selt og ekki reiknað með, og nokkrir styrkir eiga eftir að koma.

HAPPDRÆTTI UMSK .

Strax í upphafi síðasta starfsárs var alvarlega hugleitt hvernig afla mætti sem mestra tekna bæði fyrir sambandið og félögin, til þess að takast mætti að halda uppi því starfi sem áfórmáð var og mótað af síðasta þingi sambandsins.

Ein leið til tekjuöflunar var happdrætti. Var undirbúningur hafinn fyrir áramót og áætlað að hefja sölu í febrúar. Sú áætlun féll um sjálfa sig þegar eldgosið í Vestmannaeyjum hófst og varð því framkvæmd happdrættisins frestað til í marz og apríl. Prentaðir voru 7500 miðar og því líkur á að nokkrar tekjur mætti hafa af happdrættinu, ef sala gengi vel. Því miður varð sala ekki sem skyldi, alls staðar, enda þótt einstök félög hafi unnið vel að happdrættinu. Tekjur félaganna gátu orðið nokkuð miklar ef vel hefði selst, því söluaun voru 25% af heildarsölu hvers félags og 40% ef selt var upp það magn sem úthlutað var. Heildarsalan var aðeins 37,2% .

Sala hjá einstökum félögum og deildum stærri félaga var þessi:

Félög.	Afhent úthlutun	selt
Ímir	125	125
Afturelding	750	175
Umf. Bessasthr.	135	81
Breiðablik		
Borðennisdeild	50	34
Frjálsíþróttadeild	400	47
Glímudeild	100	67
Handknattleiksdeild	435	435
Knattspyrnudeild	1375	14
Körfuknattleiksdeild	200	138
Sunddeild	176	176
Skiðadeild	300	130
Umf. Drengur	250	140
H.K.	300	162
Gerpla	300	300
Gróttá	850	59
Umf. Kjalnesinga	160	120

Happdrætti UMSK. frh.

Stjarnan	40	40
Frjálsíþróttadeild	120	120
Handknattleiksdeild	333	112
Knattspyrnudeild	457	79
Samt:	6856	2554

Happdræti UMFÍ.

Samkvæmt samþykktum 28. þings UMFÍ í sumar var samþykkt að koma á happdrætti til fjárlunar fyrir hreyfinguna og komst það til framkvæmda í nóvembermánuði. Miðaðist miðafjöldi til UMSK við félagatölu þ.e. einn miði pr. félaga og urðu því rúmlega 2000 miðar sem síðan skiptist í réttum hlutföllum á milli félaganna miðað við félagatölu þeirra að sjálfsögðu. Útgefnir miðar voru als 15000.

Félogunum var gefinn kostur á 30% hagnaði af sölu og með því fékk sambandið 10%. Verð hvers miða var 200 kr. og þótti það full hátt. Þeir sem kunnugastir eru fullyrða hinsvegar að útkoman hafi bjargast á háu söluverði og eru helstu rökin fyrir því sú að úti á landsbyggðinni er ekki mikið um happdrættismiða og því skiptir verðið ekki svo íkja miklu máli. Hjá okkur hefur það sennilega verið til baga.

Einstök félög seldu sem hér segir:

Félög	félagafjöldi	seldir miðar.
Umf. Afturelding	226	94
Íþróttafél. Grótta	260	42
Íþróttafél. Gerpla	93	25
Umf. Bessastaðahr.	41	23
Umf. Drengur	74	30
Umf. Stjarnan	296	75
Siglingafél. Ýmir	87	40
Handkn.fél. Kóp.	95	95
Umf. Breiðablik	970	57
Samt:	2142	481

Heildarsalan var því aðeins 22,4%.

STYRKIR GREIDDIR TIL UMSK.

Kjósahreppur	kr.	15.650.-
Kjalarneshreppur	"	10.000.-
Mosfellshreppur	"	35.000._
Seitjarhaneshreppur	"	40.000.-
Kópavogur	"	225.000.-
Garðahreppur	"	50.000.-
Bessastaðahreppur	"	10.000.-
Búnaðasamband Kjalanesþ.	"	5.000.-
Kjósasýsla	"	15.000.-
Gullbringusýsla	"	75.000.-
Útbreiðslustyrkurf.S.Í.	"	19.570.-

Eins og undanfarin ár hafa sveitasjóðir og sýslusjóðir styrkt sambandið með fjárfamlögum og grundvallað þannig starf UMSK.

Eru þessum aðilum færðar þakkir fyrir skilning þeirra og velvilja.

VINNUSKÓLI UMFÍ OG UMSK Í PRASTASKÓGI OG VEITINGAREKSTUR SKÁLANS.

Vagna slæmrar fjárhagsafkomu og aukinna útgjalda Sambandsins velti stjórnin því mikið fyrir sér á síðasta vetri hvaða leiðir væru hugsanlegar í því sambandi. Í febrúar mánuði var svo sótt um leigu á veitingarskála í Prastaskógi.

Með þessum samningi opnaðist mögurleiki fyrir tvennu: Annars vegar til reksturs vinnuskóla í skóginum og hins vegar reksturs veitinagaskála.

Heildarleigan var 275.000.00 kr. sem greiðist þannig.

í peningum kr.	40.000.00	1. júní '73.
"	40.000.00	1. júlí '73.
"	55.000.00	1. ágúst '73.

Með umsjón

í Prastaskógi kr. 60.000.00 júní, júlí, ágúst '73.

Með samkomulgai,

með styrkjum og

sameiginl. fjárföflun 80.000.00 kr.

Vinnuskóli UMFÍ og UMSK í þrastaskógi og veitingarekstur skálans. fh.

Strax og samþykkt hafði verið af hálfu UMFÍ að leigja UMSK að-stöðu sína, kaus stjórn UMSK sér nefnd til að annast allan undir-buning að rekstri veitingaskálans og vinnuskólans. Í henni áttu sæti þeir Ólafur Oddsson, Steinar Lúðvíksson og Hafsteinn Pálsson.

Nefndin réð þrennt til starfa við skálann á föstum launum og þar af einn sem ábyrgðarmann eða verslunarstjóra. Voru gerðir skriflegir samningar við þau öll. Þau voru: Sveinbjörn Guðmundsson verslst. Þóra Haraldsdóttir og Bjarnveig Pálsdóttir.

Niðurstöður reikninganna voru þessar helstar þó ekki sé unnt að fá nákvæmar niðurstöður enn sem komið er er þar sem stendur í þófi á milli UMSK og verslunarstjóranns og er ekki að vita hvernig það mál verður til liktar leitt en öll slík mál ganga mjög seint fyrir sig.

Við bráðabirgðaruppgjör í haust leit niðurstaða reikninganna svona út í mjög grófum dráttum.

Heildarvörusalan var 4.105.804.60 kr.

Gjaldaliðurinn var 1.440.989.10 kr. og þar af 1.011.797.50 kr. í laun starfsfólks. Skuldir munu vera um 430.000.00 kr. en á móti því er reiknað með að komi um 150.000.00 kr. þ.e. með sölu á tækjum og áhöldum ásamt innheimtu skuldar Sveinbjarnar Guðmundssonar og Þóru Haraldsdóttur. Mun þá heildarhalli reksturs veitingaskálans verða á milli 250 og 300 þúsund.

VOR í DAL.

Um hvítasunnuna 8-11. júní gengust Ungmennafélag Íslands, Hérð-sambundið Skarphéðinn og Ungmennasamband Kjalanesþings fyrir samkomu í Þjórsárdal samkvæmt beiðni Eskulýðsráðs ríkisins. Var hér um að ræða eimr framkvæmdalið af tillögum E.R.R til að fyrirbyggja óæskilegar samkomur ungs fólks um þessa helgi, en undanfarin ár hefur vilja brenna við að ungmanni ferðuðust út á landsbyggðina og efndu til óskipulagðs samkomuhalds með misjöfnum málslokum. Þannig hefur oft skapast óbætanleg tjó bæði á líkama og sálu fólks eða á fósturjörðinni sjálfri.

"Vor í dal" átti að mæta þörf ungmannna til útrásar skemmtana- fýsnar sinnar og forða um leið viðkvæmum landssvæðum frá óparfa átroðningi á-óheppilegum tíma.

Vor í dal fhr.

Undirbúningstími var tæpur mánuður og varð því að vinna vel og skipulega, ef takast átti að ljúka öllum atriðum á tilsettum tíma. Skipuð var þriggja manna framkvæmdarnefnd, þeirra sem að samkomunni stóðu. Nefndina skipuðu þeir Sigurður Geirdal UMFÍ, Jóhannes Sigmundsson HSK og Guðmundur Gíslason UMSK. Ráðnir voru síðan starfsmenn þeir Hafsteinn Þorvaldsson og Pétur Einarsson. Unnu þeir sleitulaust að undirbúningi og framkvæmd þar til allt var um garð gengið.

Mikið starfslið var á mótinu enda um margt að hugsa í samfélagi fimm þúsund manna. Sjálfboðaliðar voru frá H.S.K. og U.M.S.K. hátt á annað hundrað manns. Önnuðust þeir hliðgæslu, veitingarsölu, hreinsun og margt fleira.

Öll félög U.M.S.K. léðu það lið sem til var ætlast og meira en það cða að meðaltali á milli 8-10 frá hverju félagi og eiga þau skilið alveg sérstakt þakklæti, enda stóðu allir sig frábærilega vel.

Samtals unnu sjálfboðaliðar tæpar 2700 vinnustundir og eru það æði mörg dagsverk á skömmum tíma. Hjálparsveit skáta vann einnig mjög mikið starf við eftirlit og slysahjálp í samráði við tvo lækna sem voru á staðnum. Á staðnum var lið löggreglumanna við eftirlitsstörf.

Segja má, þótt veður hafi verið kalt og hráslagalegt hafi hátiðin komið vel út í heild sinni nema kannski hvaað síst fjárhagslega hliðin, en ýmsir kostnaðarliðir urðu hærri en gert hafði verið ráð fyrir svo sem, undirbúningur að hátiðinni og frágangur, skátapjónusta, löggæsla, ásamt smáum reikningum sem alls ekki var reiknað með.

Uppgjör og frágangur reikninganna gekk seið fyrir sig og kvatti UMSK. framkvæmdarnefnd "Vor í dal" til að hraða uppgjöri. Á fundi formanna félaga UMSK sem haldinn var 18 okt. kom fram sú áskorun til framkvæmdar "Vor í dal" að uppgjöri yrði lokið fyrir 15 nóv.

Lokið var að setja reikninganna upp fyrir þann tíma og þá í ljós að ágóðahlutur UMSK varð 100.000.00 kr. og var það afhent stuttu síðar. Stjórnin ákvað að hlutur til félaganna af ágóða skildi vera 60%.

UMSK hefur ekki borist uppgjör, ennþá svo ekki er víst hvort þetta er endanlegt uppgjör. Dregist hefur að skipta ágóðanum á milli félaganna og UMSK vegna þess að flest félaganna skulda sambandinu og beðið er eftir í.S.I. styrkjunum.

UNGMENTNA OG ÆFINGABÚÐIR
UMSK OG AFTURELDINGAR.

Það leit ekki vel út í vor með að hægt yrði að reka ungmennabúðir að Varmá í sumar. Fyrir áramót 72-73 voru forráðamenn heimavistarinnar að Varmá búnir að lofa UMSK húsnæðinu frá 1. júní 73. Þegar Vestmannaeyingar urðu að flýja heimkynni sín í janúar fengu þrjám fjölskyldur inni í heimavistinni.

Þó UMSK væri búið að fá húsnæðið á leigu eins og áður segir kom ekki til mála að vísa fólkiniu úr húsnæðinu, þar sem ekkert annað húsnæði var að fá. Ráðgert var að fá inni með ungmennabúðirnar í Varmáskóla og mötuneytisaðstöðu í Hlégarði eins og fyrsta starfsár Ungmennabúðanna. Áður en til þess kom leystust húsnæðismál Vestmannaeyinganna. Rétt er að taka fram að aldrei var ætlun UMSK að vísa fólkiniu ur húsnæðinu. Reynt var að útvega því húsnæði með vitund og vilja fólksins.

Eins og undanfarin ár "opnuði Steinar Lúðvíksson starfsemina að Varmá með hópi unglings úr sunnudíild Breiðabliks. Voru þau við æfingar frá 31. maí til 3. júní. Ungmennabúðirnar byjuðu 3. júní og voru námskeiðin eins og áður fyrir börn og unglings á aldrinum 8 - 14 ára. Fyrir 8 - 11 ára börn voru haldin fjögur námskeið en tvö fyrir 11 - 14 ára. Röð námskeiðanna var þessi:

1. 8 - 11 ára	3.- 8. júní	4. 11 - 14 ára	25.- 2. júlí.
2. 8 - 11 "	11.-16. "	5. 8 - 11 "	2.- 7. "
3. 11 - 14 "	18.-25. "	6. 8 - 11 "	7.-12. "

Námskeiðsgjald fyrir yngri flokkana var kr. 2.850,- pr. námskeið, sem var sex daga, en fyrir eldri flokkinn sem var átta daga kr. 3.800,- pr. námskeið.

Eins og fyrr var lögð megin áhersla á kennslu í undirstöðuatriðum íþrótt s.s. frjálsum íþróttum, handbolta og fótbolta og síðast enekki síst sundi. Fengu ungmennabúðirnar afnot af Varmárlaug tvísvar á dag að því tilskildu að séð yrði um þrif eftir hvert skifti. Tókst samstarfið vel við starfsfólk sundlaugarinnar svo og allt staðarfólk. Sérstaklega má nefna Guðmund Jóhannesson forstöðumann sundlaugarinnar og Einar Kristjánsson staðarráðsmann. Eru þeim hér með færðar þakkir fyrir hjálpsemina svo og þórum er hlut áttu að máli.

ungmennabúðir frh.

Í ungmennabúðunum byrjaði dagurinn með fánahyllingu og að loknum morgunverði var tekið til við íþróttirnar og farið í laugina. Að lokinni hvíld eftir hádegismat var farið í leiki og gönguferðir og halddið áfram við íþróttirnar. Síðan var farið í laugina aftur fyrir kvöldmat. Yfirlieitt var haldin kvöldvaka að loknum kvöldmat. Efni hennar var heimatilbúið og flutt af þátttakendum. Deginum lauk síðan með kvöldmjolk og sameiginlegri kvöldbæn. Í lok hvers námskeiðs kom ráðunautur frá áfengisvarnarráði og fræddi þátttakendur um skaðsemi áfengis og tóbaks.

Helga Jensdóttir íþróttakennari veitti ungmennabúðunum forstöðu og henni til aðstoðar við kennsluna var Ólafur Þorsteinsson. Ráðskona var frú Herdís Sigurjónsdóttir, aðstoðarstúlka hennar var Hrönn Pálsdóttir. Starfsfólkið leysti sín störf af hendi með prýði og vann sér virðingu allra. Kann UMSK og Afturelding þeim þakkir fyrir vel unnin störf.

Það fór ekki hjá því að töluverð vinna framkvæmdastjóra UMSK fari til ungmennabúðanna. Hann sá um alla aðrætti, tók á móti þátttökum tilkynningum, sá um auglýsingar og alla aðra fyrirgreiðslu sem með þurfti.

Aðsók að ungmennabúðunum var góð í ár, betri en áður. Er það eftirtakarvert þar sem aðrir aðilar með samsvarandi rekstur s.s. þjóðkirkjan kvartaði undan minnkandi aðskln. Unglingum úr Mosfellsveitinni var gefin kostur á "heimangöngu" við ungmennabúðirnar þ.e. þau komu að morgni en fóru heim að kvöldi.

Í fyrra var auplýst æfingamiðstöð að Varmá samfara ungmennabúðunum. Þeir aðilar sem nýttu þessa aðstöðu voru ánægðir þó ýmsa byrjunar örðugleika væri við að etja. Var í ráði að skipuleggja þennan þátt starfseminnar betur og fára í aukana. En áðurnefnd óvissa um aðstöðuna að Varmá kippti stoðunum undan þeirri áætlun. Þó nýttu aðstöðuna nokkur sambandsfélög en með stuttum fyrirvara., sem gerði það að verkum að ekki var hægt að veita þá þjórustu sem æskilegt hefði verið. Þessi fél.UMSK notuðu æfingamiðstöðina:

Breiðablik, sunddeild 31.5.-3.6. 18 þátttakendur

"	knattsp.d.	VI.fl	2 d.	í júlí 15	þátttakendur
"	"	V. fl.	1 1/2 d.	"	15 "
"	"	IV."	2 d.	"	19 "
"	"	III."	1 1/2 d.	"	14 "
"	"	M. "	2 d.	"	20 "

ungmennabúðir frh.

Breiðablik, handknattl.d. kv.fl. 2 d. í ág. 30 þátttakendur.

Starnan, knattspyrnuð. M fl. 3 " " 20 "

Samkvæmt samþykkt síðasta sambandsþings er ætlast til að ungmenningarbúðirnar standi undir sér. fjárhagslega. Þegar gerð var fjárhagsáætlun fyrir ungmennabúðirnar s.l. vor, varð sýnt að ætti að ná hallalausum rekstri yrðu þáttökugjöld að vera nokkuð hærri en hjá öðrum aðilum með sambærilegan rekstur. En því er ekki að leyna að töluværð samkeppni er á þessum vettvangi. Voru því þáttökugjöldin höfð frekar lægri en hærri. Vantaði þá 40 þús. samkvæmt fjárhagsáætlun á að tekjur nægðu fyrir gjöldum, en reyknað með að styrkir út á starfsemina frá ISÍ, UMFÍ og fíþróttasjóði jöfnuðu þennan halla. Það hefur verið stefna þeirra sem að ungmennabúðunum hafa staðið, að þar fari fram fyrsta flokks starfsemi með fyrsta flokks starfsfólki og fyrsta flokks aðbúnaði, án nokkurs íburðar eða óhófs.

Sótt hefur verið um afn : af Heimavistinni næsta sumar, en búið er að leigja hana kennurum við skólana að Varmá til næsta hausts. Þar sem þessi starfsemi sem hér hefur verið rætt um, sem er einn stærsti þátturinn í starfsemi UMSK, byggist á gistiaðstöðunni í Heimavistinni. Er nokkur óvissa um áfram hald þessarar starfsemi.

VINNUSKÓLI UMFÍ OG UMSK.

Vinnuskólinn eða hliðstæð starfsemi fyrir unglingsi í Prasta-skógi hefur lengi verið draumur þeirra sem um málefni skógarins hafa hugsað og látið sig þau eihverju skipta og hefur þá markmið þeirra verið tvíþátt þ.e. að veita unglingum og e.t.v. öðrum ungmannafélögum hlutdeild í heillandi viðfangsefni við fegun og snyrtingu skógarins og gefa þeim jafnframt tækifæri til að dveljast nokkra sumardaga á þessum friðsála stað og í öðru lagi að veita skóginum aukið líf og nota gildi.

Með samstarfi UMFÍ og UMSK var þessari hugmynd hrynt í framkvæmd síðast liðið sumar, og dvöldust þá í "Vinnuskóla UMFÍ og UMSK" samtals 40 unglingar í lengri og skemmti tíma.

Aðstaða til sliðrar starfsemi er af skornum skammti í skóginum enn sem komið er, þó að staðurinn sé á allan hátt hinn ákjósanlegasti að öðru leiti.

Sú aðstaða sem nú er fyrir hendi er fyrst og fremst íþróttavöllurinn og lítill sumarbústaður sem UMFÍ keypti af fyrrverandi skógarverði, Þórði Pálssyni. Nemendum vinnuskólans var svo býnn svefnst-aður í stóru tjaldi og eldhúsaaðstaða fékkst með haglega gerðum eldhúsvagni sem tekinn var á leigu. Hreinlætisaðstaða var heldur frumstæð, útisalerni og aðeins kalt vatn, en auk þess var farið tvisvar til þrisvar í viku í Sundlaug Selfoss, þar sem vinnuskólinn fékk hina bestu fyrirgreiðslu.

Viðfangsefnum nemenda var svo skipt í þrjá megin þætti, þ.e. íþróttir, vinna, leikir og kvöldvökur. Aðstaða til íþróttaiðkana er nokkuð góð miðað við þarfir súkra námskeiða, enda er víst óhætt að fylltrða að íþróttirnar voru vinsælasti þátturinn á námskeiðunum. Frjálsar íþróttir, knattspyrna, glíma og lítils háttar sund voru þær greinar sem iökaðar voru.

Akvöldin að loknum vinnudegi var ýmist efnt til kvöldvöku, far-ið í leiki utandyra eða rennt fyrir silung í vatninu. Skógurinn er hinn ákjósanlegasti til alls konar gögnumferða og leikja og fegurð hans og friðseld í kvöldyrrönni hafði mikil áhrif á alla sem þarna dvöldu.

Þá er ótalinn einn þátturinn í stafi skólans en þar er vinna nemenda í skóginum. Helsta verkefnið var hreinsun kalkvista og dauðra tjáa úr skóginum svo og hreinsun rusls bæði úr skóginum og vítt og breitt og einnig hreinsuðu nemendur til í kringum Þrastalund og á tjaldstæðum tvisvar til þrisvar í viku. Þá fór ekki hjá því að nemendur þyrtu að leggja talsverða vinnu í að lagfæra aðstöðu sjálfs vinnuskólans, enda var hér um hreint brautryðjendastarf að ræða.

Nemendur greiddu mjög lágt gjald fyrir dvöl sína í skólanum eða kr. 900.00 pr. viku á móti 3.600.00 - 4.000.00 í venjulegum unglingsabúðum. Mismuninn var áætlað að vinna nemenda greiddi. Í heild má segja að þessi tilraun hafi heppnast vonum framar, og þarna fékkst dýrmæt reynsla til að btggja á varðandi frekari starfsemi. Ymsir erfiðleikar eru jafnan á vegi þeirra sem ryðja nýjar brautir, en þeir eru einn liðurinn í því að gera slikt starf heillandi. Stjórnendur og starfsmenn vinnuskólans voru Sigurður Geirdal og Ólafía Ragnarsdóttir. SG.

Frjálsar íbróttir U.M.S.K. 1973.

Síðast liðið haust var Dr. Ingimar Jónsson ráðinn þjálfari hjá U.M.S.K. Dr. Ingimar er mjög góður þjálfari, en til að góður árangur náist verður hver og einn að leggja sig fram og sýna áhuga.

Átti Dr. Ingimar meðal annars frumkvæðið að þrem Víðavangshlaupum sem fram fóru á vegum U.M.S.K. en þau voru Kópavogshlaup, Bessastaðahlaup og Álafosshlaup og gaf hann farandbikar í kvennaflokk Kópavogshlaupsins. Í þessum hlaupum var íþróttafólk U.M.S.K. meðal þeirra fremstu og má þar nefna Einar Óskarsson, Erling Þorsteinsson, Markús Einarsson og Ragnhildi Pálsdóttur.

U.M.S.K. fékk gest í Víðavagshlaupin, unga stúlku frá Englandi, Lynn Ward og kom faðir hennar þjálfarinn Ron Ward einnig til að fylgjast með hlaupunum. Lynn tók þátt í Álafosshlaupinu og Víðavangshlaupi U.M.S.K. en U.M.F. Afturelding í Mosfellssveit sá um framkvæmd á þeim hlaupum með mikilli prýði. Þá var Lynn einnig þáttakandi í viðavangshlaupi Íslands.

Margir þátttakendur voru frá U.M.S.K. á Meistaramóti Íslands innanhúss sem fram fór í mars 1973 og var árangur ágætur hjá mörgum og má þar nefna Guðmund Geirdal sem setti piltamet í 800m og 1500m hlaupi, en hann er ungar og efnilegur hlaupari sem stefnir markvisst að því að bæta árangur sinn. Þá setti Einar Óskarsson drengjamet í 800m og 1500m hlaupi. Stúlkurnar voru að venju með í sigursætunum og má þar nefna Ragnhildi Pálsdóttur í 800m hlaupi, Gunnþórunni Geirsdóttir í kúluvarpi og Kristín Björnsdóttir í grinda-hlaupi. Keppnisferðir til útlanda sem íþróttafólk U.M.S.K. var valið til farar af Frjálsíþróttasambandi Íslands voru þessar:

Evrópubikarkeppni kvenna í Kaupmannahöfn, en þangað fóru,

Arndís Björnsdóttir,

Kristín Björnsdóttir og

Ragnhildur Pálsdóttir.

Evrópubikarkeppni karla í Brussel, en þangað fóru Einar Óskarsson og Guðmundur Jóhannesson.

Evrópumeistaramót unglings í Duisburg í Vestur Þýskalandi,

Ragnhildur Pálsdóttir.

Unglingalandskeppni Danmörk-Ísland í Herlev Danmörku, en þangað fóru Erlingur Þorsteinsson og Markús Einarsson.

Tugþrautarlandskeppni á Spáni er þangað fór Karl W. Fredriksen.

Aðeins hefur verið getið þess helsta í íþróttamálum U.M.S.K. og væri ekki úr veki að líta í okkar eigin metákrá og kanna framfarir og breytingar til hins betra. Þau sem settu U.M.S.K. met árið 1973 voru:

Kristín Björnsdóttir í hástökki,
 Ásbjörn Sveinsson í spjótkasti,
 Einar Óskarsson í 3000m hindrunarhlaupi,
 Erlingur Þorsteinsson 3000m hlaupi,
 Guðmundur Jóhannesson í stangarstökki,
 Karl W. Fredriksen í hástökki,
 Markús Einarsson í 2000m hindrunarhlaupi,
 Gunnþórunn Geirsdóttir í kúluvarpi,
 Ragnhildur Pálsdóttir í 400m hlaupi,
 Sama í 800m hlaupi ,
 Sama í 1000m hlaupi,
 Sama í 1500m hlaupi,
 Sama í 3000m hlaupi.

Eins og sjá má af framangreindu hefur Ragnhildur Pálsdóttir lagt mest af mörkum, þar sem árangur hennar í öllum nema 400m hlaupi er gildandi íslandsmet kvenna. Umreiknað í aldursflokkametumeyja, stulkna, kvenna) setti Ragnhildur því 15 íslandsmet í sumar.

Þegar litið er yfir verkefni sumarsins hjá íþróttafólki U.M.S.K. sést að ýmislegt gott hefur verið gert, en við sem höfum haldið í stjórnartaumana hefðum viljað gera meira, svo að okkar íþróttafólki vegaði sem bezt.

Síðastliðið ár hefði U.M.S.K. duglegan framkvæmdarstjóra Guðmund Gíslason, hann vann að íþróttamálum sem og öðru viðvígjandi sambandinu, en samt varð ekki öllum verkefnum okkar lokið og má þar mörgu um kenna.

Meistaramót og B-mót U.M.S.K. fóru ekki fram að þessu sinni, áætlað hefði verið að halda þessi móti Varmáíþróttavellinum, en hann varð ekki tilbúinn til notkunar þetta sumar og tafðista að halda mótið þar til líða tók á haust og allra veðra von.

Eitt er það móti á vegum U.M.S.K. sem ekki má gleyma að nefna en það er "Kastmót Fannars" sem fram fór í júni, það var opin kastmót karla og kvenna og gaf Valur Fannar gullsmiður í Kópavogi alla verðalunagripi til mótsins.

Nú í hastréði U.M.S.K. til sín Karl Stefánsson til að þjálfa íþróttafólkið og væntum við þess að það taki framförum undir hans leiðsögn í veturn.

Næsta ár, en þangað beinist hugurinn nú, munu verða tekin í notkun mörg íþróttamannvikri á sambandssvæðinu sem skapa munu ungu fólk aðstöðu til íþróttaiðkana og má þar nefna íþróttavöllinn að

Varmá í Mosfellssveit, íþróttaleikvang Kópavogs í Fífuhvammi og íþróttahús Garðahrepps. Þarf ekki að efa að slík aðstaða í heimabyggð verði hvatning ungu fólk til íþróttaiðkana.

Búast má við mörgum íþróftamótum næsta sumar á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, þar sem um skemmtilega keppni verður að ræða, og ætti hver og einn að hafa það í huga nú í byrjun æfingatímanils, til að hans hlutur geti orðið sem mestur þegar á reynir.

Um leið og ég formaður frálsíæróttanefndar og ritari U.M.S.K. þakka öllu íþróttafólk og samstarfsmönnum í stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings fyrir ánægjulegar samverustundi á síðasta ári, vil ég óska íþróttafólk sambandsins góðs gengis í framtíðinni, og megi hver og einn bæta árangur sinn í hollri íþrótt, og er þá takmarkinu náð.

VÍÐAVANGSHLAUP U.M.S.K.

Einn af eftirtektarverðustu þáttum U.M.S.K. á íþróttasviðinu voru hin vinsælu "Víðavangshlaup U.M.S.K.." Þrjú ný hlaup sáu dagsins ljós í byrjun ársins 1973, en það voru Kópavogshlaupið, Bessastaðahlaupið og Álafosshlaupið, og ekki má svo gleyma Víðavangshlaupi U.M.S.K. sem hefur verið í gangi mörg undanfarin ár víðsvegar á sambandssvæðinu.

Það er ósk stjórnar U.M.S.K. að þátttaka verði fjölmennari í næstu hlaupum og að íþróttafélög á sambandssvæðinu taki virkan þátt í víðavangshlaupum U.M.S.K. þar sem styrkur sambandsins kæmi svo saman í heild og í hlaupasveitum til þáttöku í "Víðavangshlaupi Íslands" sem er stærsti og vinsælasti íþróttaviðburður vetrarins á þessu íþróttasviði, enda hafa hlaupasveitir komið víðsvegar af landinu og þátttaka alltaf verið vel á annað hundrað manns, úr öllum mögulegum deildum félaga.

Hér á eftir fer lýsing á víðavangshlaupum U.M.S.K. s.l. ár. Kópavogshlaupið fór fram sunnudaginn 21. janúar í ágætu veðri.

Hlaupa vegalengd karlaufloksins var circa 4 km. en kvenna-floksins 2,5 km. Þátttakendur hlaupsins voru aðeins 8, en þetta var fyrsta hlaup og því miður ekki auglýst sem skildi.

Víðavangshlaup U.M.S.K. frh.

Hlaupið fór vel fram og afhenti formaður Breiðabliks Þórir Hallgrímsson verðlaun að loknu hlaupi, en það voru farandbikarar og verðlaunaskjöl. Dr. Ingimar Jónsson gaf verðlaun í kvennaflókk og Samvinnutryggingar í karlaflokk. Sigurvegarar hlaupsins voru í karlaflokki Ágúst Ásgeirsson í.R. tími hans var 13,08,5 mín og í kvennaflí. Ragnhildur Pálsdóttir Stjörnunni tími hennar var 8,56.7 mín.

Bessastaðahlaupið fór fram sunnudaginn 11 febrúar í suðverstan roki og snjókomu. Þáttakendur voru 20 talsins og létu þeir ekki veðrið aftra sér. Karlar hlupu cirkla 5,2 km. og konur hlupu 2,5 km. Formaður Frjálsíþróttasambands Íslands Örn Eiðsson afhenti verðlaun í bylnum að loknu hlaupi og fór verðlauna afhending fram við vegg Bessastaðakirkju. Verðlaun voru gefin af Sportval eigandi Jón A. Jónsson og Aski eigandi Magnús Björnsson veitingamaður, verðlaun voru veglegir bikarar (farandbikarar) fyrir karla og kvennaflókk ásamt bikurum fyrir fyrsta annan og þriðja mann, í hverjum flokki. Þá gaf Jóhann Jóhannesson í Frjálsíþróttadeild Ármanns faradbikar til Stjörnunnar í Garðahreppi sem fljótasti maður innan Stjörnunnar skildi hijóta í Bessastaðahlaupinu, og vann hann að þessu sinni Erlingur Þorsteinsson, að loknu hlaupu fengu svo allir keppendur litkort af Bessastöðum til minningar.-Sigurvegarar í Bessastaðahlaupinu voru Ágúst Ásgeirsson í.R. tími hans var 17,56.6 mín. og Ragnhildur Pálsdóttir Stjörnunni tími hennar var 10,46.2 mín. Til gamans má geta þess að Forseti Íslands Dr. Kristján Eldjárn var meðal áhorfenda fyrsta Bessastaðahlaupsins.

Álafosshlaupið fór fram 18 mars í sæmilegu veðri, Þáttakendur voru 18, hlaupið var frá Úlfarsfellsvegamótum og að Álafossi, eða vegaleng karla um 6 km. og kvenna um 3 km. Verðlaun afhenti Pétur Pétursson forstjóri "Álafoss" en Álafossverksmiðjan gaf vegleg verðlaun til þessa hlaups, fallega farandgripi og bikar fyrir fyrsta annan og þriðja mann. Í Álafosshlaupinu var gestur frá Englandi, ung stúlka Lynn Ward og vann hún þetta hlaup, var henni afhent sérstök gestaverðlaun að loknu hlaupi. Allir þáttakendur hlaupsins fengu til minningar oddfána Umf. Aftureldingar.

Víðavangshlaup U.M.S.K. frh.

Sigurvegarar hlaupsins voru Ágúst Ásgeirsson í.R. tími hans var 20,58,9 mín (Lynn Ward Englandi 10.11.0 mín.) Ragnhildur Pálsdóttir í kvennafl. á 10,38.2 mín.

Víðavangshlaup Íslands fór fram 25 marz. UMSK átti þar marga sigurvegara, og má þar nefna Einar Óskarsson sem vann Sveina og Drengjaflokkinn og Guðmundur Geirdal sem vann Piltaflokkinn Ragnhildur Pálsdóttir vann kvennaflokkinn. UMSK átti marga þátakendur í hlaupinu og unnu bikara í 3 manna og 5 manna sveitum karla.

Víðavangshlaup UMSK fór fram miðvikudaginn 28 marz. Hlaupið hófst og endaði við Varmárlaug í Mosfellssveit og sá Umf.

Afturelding um framkvæmd þess. Þáttaka var ekki mjög mikil en hlaupið fór ágætlega fram og var þetta einnig síðasta hlaup ensku stúlkunar Lynn Ward hér á landi. Sigurvagarar í Víðavangshlaupi UMSK að þessu sinni voru (Ágúst Ásgeirsson í.R. tími hans var 5,27,4 mín.) Einar Óskarsson Breiðablik tími hans var 5.27.8 mín og í kvennaflokki Ragnhildur Pálsdóttir Stjörnunni tími hennar var 4.36,8 mín. en Lynn Ward no. 2 á tíma 4.39,9 mín. Allir þátakendur fengu oddfána UMSK.

Það sem ég hef nú með fáum orðum skýrt frá Víðavangshlaupum UMSK sem fram fóru síðastliðið ár, væri ekki úr vegi að hugleiða hvort ekki væri mögulegt að auka þáttöku í hlaupunum og jafnvel bæta við hlaup á sambandssvæðinu.

Að lokum vil ég geta þess að enska stæulkan Lynn Ward sem kom hingað til lands eingöngu til þáttöku í víðavangshlaupum og faðir hennar Ron Ward þjálfari hjá íþróttafélaginu í Solihull Birmingham, komu á skrifstofu UMSK á Klapparstíg 16 og afhentu formanni Ungmennasambands Kjalarneßings fána félags síns, Sigurður Skarphéðinss. formaður UMSK afhenti þeim að gjöf fána UMSK ásamt myndamöppu frá víðavangshlaupunum.

Að viðbættum þeim heiðri sem stjórn UMSK sýndi Lynn Ward og föður hennar, má einnig nefna að Lynn Ward var afhent að gjöf fáni Stjörnunnar í Garðahreppi og um leið var hún gerð að "Erlendum gestafélaga no. 1" og fékk stæulkan og faðir hennar til minningar, fallega gestabók að gjöf frá Stjörnunni Garðahreppi.

Víðavangshlaup UMSK frh.

Umf. Afturelding sýndi stúlkunni sérstakan heiður með því að gefa henni fána félagsins og auk þess fallega steinplötu með Íslandsmynd á, auk þess höfðu stjórnendur hlaupanna í Mosfells-sveit altaf gestaverðlaun, sem gerði þáttöku stúlkunar í hlaupunum en ánægjulegri.

Örn Eiðsson formaður F.R.Í. gaf stúlkunni fána Frjálsíþróttasambands Íslands. Guðmundur Þórarinnsson þjálfari í.R. gaf Lynn heiðursfána í.R. að afloknu 1500m hlaupi í Laugardalshöllinni, en í.R. hafði forgöngu um móti, sem haldið var í tilefni komu ensku stúlkunar hingað til lands.

Jóhann Jóhannesson formaður frjálsíþróttadeildar Ármanns afhenti Lynn Ward fána Ármanns á æfingu hjá félaginu, en Lynn kom og skoðaði Baldurshaga í Laugardal.

Ég vil að lokum nota tækifærið og skila hjartanlegu þakk-læti til allra þeirra sem gerðu fór Lynn Ward og föður hennar til Íslands ógleymanlega.

Stjórn UMSK vonar að íþróttafólk á sambandssvæðinu verði sigursælt á árinu 1974.

S K Á K.

Skáksveit UMSK vann skák sveit UMSB á skák þingi UMFÍ á úrslitamóti sem haldið var 12. des. 1973 í Borgarnesi og vann þar með Skinfaxastytta í þriðja sinn.

UMSK auglýsti skákmót í nóvember. Engin skráði sig til leiks og varð því að hætta við mótið. Skáksveit UMSK tók þátt í skákþingi UMFÍ 1973. Fyrri hluti keppninnar átta að fara fram á Selfossi við sveit UMFK en hún boðaði forföll og fór sveit UMSK sjálfkrafa í úrslit.

Keppt var til úrslita á Akureyri 1. og 2. des., sveit UMSK sigraði og vann þar með Skinfaxastytta í fjórða sinn.

Innan U.M.S.K. eru fimleikar alltaf að verða vinsælli og fjölmennari íþróttagrein. Haldið var námskeið í fimleikum milli jóla og nýárs '72. Það sóttu alltof fáir unglingsar. Þáttakendur voru aðeins frá Gerplu, Stjörnunni og Gróttu. Kennarar voru Þórir Kjartansson og Helga Jensdóttir.

Fimleikar hafa ekki verið stundaðir sem föst grein nema hjá Gerplu. Þar stunda nú fimleika alls um 120 manns. S.l. vetur fóru þrjár stúlkur frá Gerplu til að leiðbeina áhugasömum konum á Kjalarnesi í rythmiskri-leikfimi. Ekki sá Ungmennafélag Kjalarness sér fært að starfrækja þessa grein í vetur vegna kennaraskorts.

Í sumar var haldið hér, eins og allir vita, norrænt fimleikamót. Tók íþróttafelaið Gerpla þátt í því. Kom félagið þar fram með þrjú sýningarátriði, alls 29 manns. Á fimleikahátið F.S.I. og I.P.R.I. 2. des. s.l. kom Gerpla enn fram með 100 manna flokk, sem skiptist í eftirtalin atriði: fjölskylduflokk, sem hefur verið mjög vinsæll hjá Gerplu í vetur. Er þetta lafjör nýjung hér á landi, upprunnin hjá Svíum. Einnig komu það fram drengir og stúlkur og sýndu I. gráðu í fimleikum. Þá komu stúlkur sem lengra eru komnar og loks " leikur að borðum" og voru það eldri stúlkur er það sýndu.

Fram undan eru verkefnin óþrjótandi, því nóg er af ungu og áhugasömu fólk í U.M.S.K. En það sem skortir er, húsnæði og þjálfarar.

NÝJAR ÍÞRÓTTAGREINAR.

Sambandsfélögin stækka og eflast með hverju árinu og ný félög eru stofnuð., nú síðast Siglingafélagið Ýmir í Kópavogi, eins og annarsstaðar er getið í skýrslunni. Nýri þættir eru teknir upp í starfseminni má þar nefna að Gerpla hefur tekið upp Júdó, Breiðabli og HK hafa tekið upp Blak. Á sl. vetri stofnaði Breiðablik skíðadeild og borðtennisdeild. Þá hefur Afturelding nýlega stofnað handknattkeiksdeild. Borðtennis er sennilega sú íþróttagrein sem mest aukning hefur orðið í á starfsárinu, flest öll félöginn leggja nú stund á borðtennis, og hafa náð góðum árangri. Má nefna að Gerpla átti tvo fulltrúa í kvennalandsliðinu er fór til Danmerkur á norðurlandameistramót í haust, þær Sólveigu Sveinu Sveinbjörnsdóttur. og Guðrúnu Einarsdóttur.

Hér fer á eftir yfirlit yfir þau móti sem haldin voru á vegum UMSK á árinu. Um úrslit og árangra vísast til meta og móta-skrár UMSK 1973.

VÍDAVANGSHLAUP SKÓLA.

Hlaupið fór að þessu sinni fram við Barnaskóla Garðahrepps laugardaginn 28. apríl. Þátttakendur voru 64 frá 8 skólum, Varmárskóla, Gagnfr. skóla Mosfellssveitar, Digranesskóla, Kópavogsskóla, Gagnfræðaskóla Garðahrepps, Barnaskóla Garðahrepps, Kársnesskóla og Víghólaskóla. Keppt var í aldursfl. stúlkna og drengja, 10 ára og yngri, 11 - 12 ára, 13 - 14 ára og 15 - 16. Hlaupið er bæði einstaklings og sveitakeppni milli skólanna. Hlutu sigur-sveitirnar áletraða styttu til eignar. Sex fyrstu einstalingarnir í hverjum flokki hlutu viðurkenningararfána UMSK. Hlaupstjóri var Páll Óli Pálsson.

VÍDAVANGSHLAUP U.M.S.K.

Víðavangshlaup UMSK var haldið í Mosfellssveit 28. mars. Keppt var í karla, kvenna og drengja flokki. Í karlauflokki voru 12 keppendur, 5 í kvennaflokki og aðeins 3 í drengjaflokki. Einar Óskarsson UBK vann til eignar bikar sem RÖRSTEYPAN H.F. í Kópavogi gaf á sínum tíma. Ragnhildur Pálsdóttir vann í annað sinn bikar sem Frjálsíþróttadeild Armanns gaf í fyrra. Í drengjaflokki sigraði Kristján Kárason Aftureldingu.

HANDKNATTLLEIKSMÓT U.M.S.K.

Mótið fór fram í íþróttahúsi Kársnesskóla í Kópavogi í apríl. Keppendur voru um 200 frá Aftureldingu, Breiðabliki, Gróttu, H.K. og Stjörnunni. Keppt var í I - IV. aldursflokki karla og II. og III. flokki kvenna. Var mótið hraðkeppnismót.. Vegna húsnaðisleysis fór mótið fram á í æfingatínum félaganna í Kópavogi. Skapaði það ýmis vandamál með framkvæmd mótiðins hvað tími var knappur. Var af þeim sökum ekki hægt að raða leikjum niður með sómasamlegum fyrir-vara. Urðu nokkrir árekstrar af þeim sökum. En með skilningi og samstarfsvilja allra aðila leystust öll vandamál um síðir. Á mótinu dæmdu nokkur ungmenni sem voru á handknattleiksdómara námskeiði UMSK þá skömmu áður. Í mótslok voru afhent verðlaun, hlutu sigurlið farandbikara og liðsmenn sigurliða oddfána sambandsins sérstaklega gerðan fyrir mótið. Það nýmæli var tekið upp að verðlauna prúða og drengilega framkomu á mótinu. Hlutu Afturelding og Handknattleiksfélag Kópavogs slika viðurkenningu. Mótsstjóri var Þorvarður Á. Eiríksson.

INNANHÚSSS-KNATTSPYRNUMÓT UMSK.

Mótið var tvískift, fór keppni í III., IV., V. og VI. flokki karla og kvennaflökki fram í Íþróttahúsínu á Seltjarnarnesi í æfingatímum Gróttu þ. 1. apríl. Keppni í II. flokki fór fram í Íþróttahúsi Kársnesskólai tíma UBK 8. apríl. Afturelding, Breiðablik, Gróttu og Stjarnan tóku þátt í mótinu. Keppendur voru um 100. Kept var um farandbikara og liðsmenn sigurliða fengu oddfána UMSK og verðlaunaskjöl. Mótsstjóri var Guðni Stefánsson.

KNATTSPYRNUMÓT U.M.S.K.

Knattspyrnumót UMSK hófst 19. maí með keppni í yngri flokkunum. Mótið var fyrst og fremst sett á laggirnar þetta snemma til að gefa liðunum kost á leikjum áður en til íslandsmóts kæmi. Skemmst er frá því að segja að mótið gekk mjög illa. Mikið var um að félög færðu fram á frestun leikja eða mættu ekki til leiks á áður boðaðum tíma. Var Breiðablik eina félagið sem sýndi þessu móti sóma. Var það líka eina félagið sem sendi leikskýrslur til UMSK að leik loknum. Aðeins ein skýrsla hefur borist frá hinum félögum, þrátt fyrir að skýrt væri tekið fram í reglum fyrir mótið að skýrslur ætti að senda til UMSK þegar að leik loknum. Þessi lið tóku þátt í mótinu: Afturelding, Breiðablik, Gróttu og Stjarnan. Eftirtaldir menn voru skipaðir í mótsnefnd: Finnbogi Ólafsson Gróttu, Jón Ingi Ragnarsson UBK, Sigurður Þorsteinsson Stjörnunni og Sveinn Sigvaldason Aftureldingu. Breiðablik sigraði í öllum flokkum sem keppt var í: II., III., IV., V.a og b, VI. og kvennafl. F.H. keppti sem gestur í VI. flokki og vann alla sína leiki.

UNGLINGAMÓT í BORÐTENNIS

Haldið var borðtennismótt fyrir unglings yngri en 16 ára á Öskudaginn. Mótið fór fram í Íþróttahúsi Seltjarnarness og voru keppendur á milli 60 og 70 frá Aftureldingu, Breiðabliki, Gerplu, Gróttu, Stjörnunni og Umf. Bessastaðahrepps.. Sigurvegarar fengu oddfána UMSK. Mótsstjóri var Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir.

BORÐTENNISMÓT U.M.S.K.

Borðtennismótt UMSK fór fram í íþróttasal Kópavogsskóla 19. maí. Kept var í einliðaleik og tvíliðaleik kvenna og karla og tvenndarleik. Keppendur voru aðeins 24 frá Gerplu, Gróttu, Breiðabliki og Aftureldingu. Auk þess kepptu fjórar stúlkur frá Borðtennisféluginu Erninum í Reykjavík, sem gestir. Kept var um verðlaunabikara í annað sinn sem UMSK gaf í fyrra haust. Mótsstjóri var Sólveig S. Sveinbjörnsdóttir.

Mótið var haldið í íþróttahúsi Seltjarnarness 1. og 2. maí.

Keppendur voru 36 frá Breiðabliki, Gerplu, Gróttu, H.K. og Stjörnunni.

Mótsstjóri var Einar Jónsson fyrvv. formaður B.S.I. Mótið gekk vel og var vel heppnað en keppt var í einliða- og tvíliðaleik kvenna og karla svo og tvenndarleik. Sigurvegarar hlutu verðlaunastyttur sem keppt var úm í fyrsta skifti á mótinu, og oddveifu sambandsins að auki.

Badmintonmótin tvö sem UMSK hefur haldið hafa haft þá sérstöðu, að þau haf verið sett með viðhöfn. Keppendur hafa gengið í salinn fylktu liði undir íslenska fánaum og mótinu hefur verið slitið á sama hátt. Þessi látlusa en virðulega athöfn hefur gefið móturnum meiri reisn og stuðlað að aukinni virðingu keppenda fyrir mótinu.

FRJÁLSÍPRÓTTAMÓT U.M.S.K.**A. KASTMÓT FANNARS.**

UMSK svo og mörg félaganna hafa nær eingöngu verzlað við Val Fannar gullsmið varðandi verðlaunagripi. Snemma á árinu '73 bauðst Valur til að gefa verðlaun á eitt frjálsípróttamór sem UMSK héldi. Var ákveðið að efna til móts fyrir kastara í frjálsum íþróttum og nefna það "KASTMÓT FANNARS". Var mótið haldið á Melavellinum í Reykjavík 21. júní. Kepptu þar flestir starkustu kastarar landsins. Mótið fór vel fram, þó voru vandkvæði á að fá starfsmenn fyrr mótið, en það telst ekkert einsdæmi með mótahald. Mótsstjóri var dr. Ingimar Jónsson.

B. INNANHÚSSMÓTIN í BALDURSHAGA.

Frjálsíþróttafólk innan UMSK æfði í Baldurshaga sl. veturn. Í æfinga tímunum voru haldin nokkuð mörg mótt með þátttöku frá Reykjavíkurfélögnum aðalega Ármanni.

C. INNANHÚSSMEISTARAMÓT U.M.S.K.

Mótið fór fram í Baldurshaga 5. og 9. apríl. Keppt var í langstökki, hástökki og 50m hlaupi karla og kvenna svo og 50m grindahl. kvenna og þrístökki karla. Keppendur voru 17 frá Aftureldingu, Breiðabliki og Stjörnunni. Mótsstjóri var dr, Ingimar Jónsson.

D. ÞRÍPRAUTARMÓT U.M.S.K.

Mótið var haldið á Fífuhammarsvelli í Kópavogi 20. júní. Mótsstjóri var Guðm. Gíslason. Keppt var í 60m hlaupi, hástökki og boltakasti í þremur aldursflokkum: 13 ára, 11 - 12 ára og 10 ára og yngri.

Keppendur voru 27 frá Breiðabliki og Stjörnunni.

BRIDGEMÓT U.M.S.K.

Bridgemót UMSK fór fram á Fólkvangi á Kjalarnesi dagana 25. febrúar og 18. marz. Keppnin var parakeppni og keppni milli félaganna þar sem samanlöögð stigatala þriggja beztu para hvers félags réði röð félaganna. Nítján pör frá Aftureldingu, Dreng, Gerplu, Stjörnunni og Umf. Bessastaðahrepps kepptu á mótinu. Mótsstjóri var Vilhjálmur Sigurðsson úr Reykjavík, en hamn hefur stjórnað bridgemótum UMSK nú um árabil við góðan orðstír.

HEIMSÖKN A.A.C.

Í júlí í sumar dvaldi flokkur frjálsíþróttamanna frá Aarhus Amts Gymnastikforening hér á landi í boði U.M.F.f. Hópurinn var skipaður 38 íbróttamönnum og fylgdarliði. Hingað til lands kom flokkurinn 11. júlí og hélt þá næsta dag austur að Laugarvatni en þar var aðal samastaður hópsins meðan á heimsókinni stóð. UMSK hafði töluverð afskifti af þessum góðu gestum. Má þar nefna að frjálsíþróttafólk úr félögum UMSK tók þátt í keppnum við Danina, bæði í móti á Selfossi og á Meistaramóti Íslands en þar kepptu Danirnir sem gestir. Á ferð sinni austanfjalls kom hópurinn við í Prastalundi og þáði veitingar í boði UMSK. Einnig gisti Danirnir að Varmá og fengu þar morgunverð í boði UMSK. Áreiðanlegt er að heimsókn sem bessi hefur margháttar gildi fyrir aila aðila sem hlut eiga að máli. Þannig skapast kynni og vinátta milli fólks með sömu áhugamál, sem vafalaust leiða til enn frekara og betra samstarfs þjóða í milli.

LANDGRÆDSLAR.

Laugardaginn 30. júní efndi UMSK til landgræðsluferðar í Bolabás eins og undan farin ár. Sáð var 100 kg af fræi og 3000 kg af áburði. Þátttakan var ekki sem skyldi, en með þátttöku unglings úr Ungmennabúðunum að Varmá fékkst nægur fjöldi. Fararstjóri var Þorvarður Áki Eiríksson varaformaður UMSK. Árungur starfsins í Bolabás hefur ánægjulegan ávöxt og fer senn að líða að því að hyggja verði að nýjum verkefnum á sviði landgræðslunnar.

VÍÐURKENNINGAR Á SVIÐI
ÍPRÓTTA OG FÉLAGSMÁLA.

Íþróttamaður UMSK 1973.

Á síðasta þingi UMSK var samþykkt að kjósa skuli annarsvegar íþróttamann UMSK eldri en 16 ára og hinsvegar 16 ára og yngri. Einnig var samþykkt að velja skuli íþróttahéi ársins innan UMSK.

Samkvæmt reglum UMSK um kjör íþróttamanns skal stjórnin skipa sex menn auk formanns og framkvæmdastjóra sambandsins, til að kjósa íþróttaman: ársins. Kosning skal vera leynileg.

Úrslit kosningarinnar að þessu sinni var þessi:

Eldri en 16 ára:

1. Karl West Fredriksen	UBK	31	atkv.
2. Guðm. Ingvarson	Stjarnan	19	"
3. Sólveig S. Sveinbjörnsd	Gerplu	15	"
4. Alda Helgadóttir	UBK	14	"
5. Guðrún Einarsdóttir	Gerplu	13	"

16 ára og yngri:

1. Steingrímur Daðason	UBK	29	"
2. Guðm. Geirdal	UBK	22	"
3. Daði Kristjánsson	UBK	14	"
4. Magnús Teitsson	Stjarnan	10	"
5. Ingvar Hreinsson	Aftureldingu	8	"

Ragnhildur Pálsdóttir Stjórnunni gaf ekki kost á sér til kjörs.

Ekki var kosið um íþróttahópinn en nefndin var sammála að erfitt væri að gera upp á milli tveggja íþróttahópa þ.e. V. flokks Breiðabliks í knattspyrnu og III. flokks Stjórnunnar í handbolta. Var samþykkt að veita þeim báðum viðurkenningu. Þá var stjórn UMSK bent á að kvenna-fimleikaflokkur Gerplu væri verður sérstakrar viðurkenningar fyrir brautryðjendastarf og góðan árangur í sinni grein. Stjórnin var samþykkt ábendingu stjórnarinnar.

FÉLAGSMÁLAMAÐUR UMSK 1973.

Í nefnd þeirri sem kjósa átti félagsmálamann UMSk 1973, áttu sæti þeir Stefán Ágústsson, Pálmi Gíslason og Steinar Lúčvíksson, en það eru þrír síðustu félagsmálamenn UMSK. Nefndin var sammála um að veita Páli Aðalsteinssyni formanni Aftureldingu verðlaunin í ár, en Páll

Félagsmálamaður UMSK 1973 frh.

hefur verið formaður Aftureldingar s.l. þrjú ár. Þegar hann tók við formennskunni var félagið á því stigi að fráfarandi stjórn sá ekki annað framundan en að leggja félagið niður. En þegar Páll tók við formennskunni urðu þegar mikil umskipti, er ekki ofögum sagt að nýtt líf hafi færst í félagsstarfið allt. Hefur vegur fálagsins eflst mjög með hverju ári síðan, og hefur starfssemi félagsins ekki verið meiri og öflugri í annan tíma.

Einnig hefur Páll unnið mikið að málefnum UMSK á þessum tíma. Úr ungmannabúðirnar ekki hvað síst hans verk, því þar hefur hann unnið mikið starf og leyst margan vandan því hann hefur ekki talið það eftir sér sporin í þeirra þágu frekar en Aftureldingar.

FÉLAGSSKÍRTEININ.

Á síðasta þingi UMSK var samþykkt að koma á, samræmum félags-skírteinum meðal félaganna innan UMSK.

Petta var þannig framkvæmt að á framhlið skírteinisins komu upplýsingar um viðkomandi félaga þ.e. nafn heimilisfang o.s.frv. ásamt eyðu fyrir mynd ef verkast vildi. Í sitt hvoru horninu á ofan kom annars vegar merki viðkomandi félags og hinsvegar UMSK.

Aftan á skírteininu kom svo auðar línum fyrir hvaða gjöld hafi verið greidd og kvittun gjaldkera.

Hvert fálaganna fékk sinn lit áframhlið en meinингin er að skipta um bakhlið árlega og að sami litur gildir hjá öllum félögunum.

Flest félagánna hafa tekið í notkun skírteinin en staðið hefur á því að sum félögin hafi látið gera sér félagsmerki.

Í greinagerð með tillögunni segir:" að skírteinin eigi að hafa eitthvert gildi við aðgang að félagsskemmtunum, æfingum o.fl. Einnig er talið hugsanlegt að hægt verði að ná samningum við þjónustu gg verslunarfyrirtæki t.d. sportvörumerki, um afslátt til handa þeim er gætu framvísað félagsskírteinum.

Ekki hefur heyrst annað en skírteinin hafi orðið til hagsbóta fyrir félögin.

ÍPRÓTTAGALLARNIR.

50. ársþing UMSK samþykkti áskorun þess efnis að öll sambandsfélögin notuðu sömu liti á utanyfir íþróttafatnaði og UMSK hefði notað undanfarandi ár, þ.eþ rauð blússa með svörtum kraga og líningum og svartar buxur. Komist var að hagkvæmum kjörum við prjónastofuna "Dyngju" á Egilsstöðum en félögin voru lin að hagnýta sér það. Hins vegar hefur verið beðið eftir því frá í haust að fá sendar prufur til sýnis, af ýmsum gerðum og sniðum sem hægt yrði að láta ganga á milli félaganna og að þau gætu síðan gert sínar pantanir eftir þeim.

Hins vegar má búast við verulegri hækjun á íþróttargöllunum á þessu ári vegna skorts á hráefni og því mun það aðeins hagkvæmt að sem allra flestir taki þátt í kaupunum.

ÍPRÓTTADÓMSTÓLL UMSK.

I íþróttadómstóli UMSK eiga sæti.

Aðalmenn.	varamenn
Tómas Lárusson	Pórir Hallgrímsson
Stefán Ágústsson	Ólafur Guðmundsson
Stefán Þórarinsson	Steinar Ólafsson

Dómstóllinn fékk aðeins þrjár kærur, sem bárust þegar handknattleiksmót UMSK stóð yfir. Engum úrskurði dómstólsins var áfrýjað.

HandknattleiksdóMARÁNÁMSKEIÐ.

I marz s.l. stóð UMSK fyrir handknattleiksdómaranámskeiði. Aðal kennari á námskeiðinu var Hannes P. Sigurðsson. Námskeiðið sóttu 14 piltar og 3 stúlkur. Voru 5 frá Breiðablik 10 frá H.K. og 2 frá Haukum í Hafnarfirði sem boðið var þátttaka í námskeiðinu. Allir luku prófi og hafa öðlast héraðsd. réttindi nema 6 sem ekki höfðu náð 16 ára aldri.

Þessir sóttu námskeiðið.

Nafn.	fél.	nafn	fél.
Arni Tómasson	U.B.K.	Magnús Arnarson	H.K.

Handknattleiksdómaranámskeið.

nafn	fél.	nafn	fél.
Ragnar Ólafss.	H.K.	Bergsteinn Þórarinss.	H.K.
Vignir Baldursson	H.K.	Steinar Jóhansson	Haukar
Rósa B. Þorsteinsd.	U.B.K.	Agnar Friðþjófss.	H.K.
Auðbjörg H. Knútsd.	U.B.K.	Ingimar Haraldss.	Haukar
Anna M. Þórðard.	U.B.K.	Hjalti Reynisson	H.K.
Oddur Ólafsson	H.K.	Jón Guðni Kristinss.	H.K.
Kristján P. Gunnarss.	U.B.K.	Emil Jóhannsson	H.K.
Einar St. Björnsson	H.K.		

HANDKNATTLEIKUR.

"Handknattleiksráðherra" UMSK Þorvarður Áki Eiríksson fór fram á það við formenn félaganna sem stunda handknattleik að UMSK fengi stuttu skýrslu um handknattleiksstafsemi félaganna, til birttingar í skýrslu sambandsins.

Aðeins tvö félaganna urðu við beiðni Þorvarðar.

Handknattleikur í Gróttu.

Íþróttafélagið Grótta er nú brátt sjö ára gamalt félag, en hefur stundað handknattleik undanfarin 5 ár.

Árangrar keppnisflokka félagsins hafa þó verið nokkuð misjafnir eins og oft vill verða þar sem unglingar staldra stutt við í hverjum aldursflokki og breytingar liðanna örarár.

Það vekur þó nokkra athygli að einn flokkur, 3 flokkur kvenna hefur ávallt átt velgengni að fagna og má í því sambandi benda á að á síðasta keppnistímabili unnu þær bikar UMSK til eignar, en þá höfðu þær unnið hann 3 ár í röð. Árið 1971 komst flokkur þessi í úrslit íslandsmótsins en urðu þar að láta í minni pokann fyrir Völsung og Viking. 2 fl. Kvenna hefur nú unnið UMSK bikar sinn tvísvar í röð og eru þær staðráðnar í að vinna hann nú til eignar.

Meistaraflokkur karla hefur nú verið í gangi hjá féluginu í 4 ár og tekið þátt í öllum mótum. Í íslandsmótinu II deild hefur árangur flokksins verið athyglisverður. Fyrstu tvö árin var flokkurinn í 3 sæti en næstu 2 árin í öðru sæti. Á síðasta ári var árangurinn einkar sannfærandi þar sem flokkurinn náði 24 stigum

af 28 mögulegum á eftir Þór, Akureyri, sem sigrði deildina með 26 stigum. Næstu tvö félög K.A. Akureyri og Próttur Reykjavík voru með 19 stig. Flokkurinn stefnir ávallt að sigri II deilda og hefur alltaf notið hinna beztu þjálfara.

Þau 4 ár sem flokkurinn hefur keppt hefur hann leikið 81 leik, unnið 37, tapað 41 og gert 3jafntefli. Skoruð mörk eru 1646, en fengin 1635.

Leikhæsti maður flokksins er Gretar Vilmundarson með 77 leiki og 211 skoruð mörk. Markhæstur er Halldor Kristjánsson 250 mörk í 60 leikjum. Næstur að markatölu er Árni Indriðason 245 mörk í 65 leikjum, en Árni hefur oftast verið fyrirliði flokksins.

Handknattleikur hjá H.K.

Handknattleiksfélag Kópavogs er að verða 4ra ára gamallt, og er handknattleikur aðalgrein félagsins að sjálfsögðu. Félagið er stofnað í janúar 1970. Voru nokkrir ungir drengir er stofnuðu það, og tóku þá strax þátt í Íslandsmóti í handknattleik í 4. flokki og komust mjög ofarlega á blað í því móti (voru nr. 2). Ari seinna, varð 3. flokkur til og sendi þá two flokka í Reykjanesmóti, Íslandsmót og UMSK móti, og hafa drengirnir náð mjög góðum árangri í þessum mótum. Í Reykjanesmóti 1972, náðu þeir efta sæti í 3.fl. og var það mjög góður árangur, því að þeir náðu að vinna F.H. eftir 5 ára sigurgöngu í þessum flokki. Í UMSK mótum hefur þeim einnig vegnað vel, hafa náð að vinna 3. flokk, 4. flokk A, 4. flokk B og umnið þar til góðra verðlauna. Þeir hafa einnig staðið sig vel í Íslandsmótmum. Þeir hafa verið í úrslitum í sínum riðlum eins og fyrr segir. Í sumar fóru 4 drengir úr H.K., sem lánsmenn, með Haukum, í 3 fl., til Svíþjóðar á alþjóðamót, er haldið var í Gautaborg. Var sú gerð bæði árangurstík og skemmtileg. Á þessu ári sendi H.K. þrjá flokka til keppni í Íslandsmóti, og er 2. fl. því ný stofnaður. Í síðasta UMSK moti var tekin upp sú nýbreytni, að veita verðlaun fyrir prúða og drengilega framkomu og hlaut 2. flokkur H.K. þau verðlaun.

SKRÁ YFÝR FÉLÖG INNAN UMSK FORMENN ÞEIRRA OG FÉLAGAFJÖLDA
SAMKVÆMT SKÝRSLUM FRÁ 1972 OG 1973 SEM BORIST HAFA.

Félagafj.	Félagafj.
1972	1973
Umf. Afturelding	226
Formaður: Páll Aðalsteinss.	.
Umf. Bessastaðahrepps	41
Formaður: Jónas Jóhannsson	
Umf. Breiðablik	970
Formaður: Þórir Hallgrímsson	.
Umf. Drengur	74
Formaður: Guðný G. Ívarsd.	
Íþr.f. Gerpla	93
Formðaur: Friðbjörn Ö. Steing.	
Íþr.f. Grótta	260
Formaður: Benóný Péturss.	
Handknattleiksf. Kóp.	95
Formaður: Þorvarður Áki Eiríks-	
Umf. Kjalnesinga	49
Formaður: Stefán Tryggvas.	
Umf. Stjarna	296
Formaður: Ingvi Guðmundss.	
Siglingaf. Ýmir	40
Formaður: Steinn Steinsen	

REKSTRARREIKNINGUR UMSK 1/10 -72 - 30/9 '73.

TEKJUR.

I. Skattar.

1. Skattar félaganna 1973.	42.560.-
2. + Skattar til í.S.Í. og U.M.F:Í.	<u>16.720.-</u>
	25.840.-

II Styrkir.

1. Kennslustyrkir	153.674.-
2. + Kennslust. til félaga	<u>144.430.-</u>
3. Styrkir samk. skrá	9.244.-
	635.220.-

III. Getraunir.

89.050.-

IV. Happdrætti.

1. Tekjur	160.985.-
2. + Kostnaður	<u>49.497.-</u>
	111.488.-

V. UMSK blaðið.

1. Auglýsingatekjur	193.500.-
2. + Kostnaður	<u>165.187.-</u>
	28.313.-

VI. Námskeið.

56.800.-

VII. Gjafir v/50 ára afmæli.

146.880.-

VIII. Ýmsar tekjur.

Ýmsar tekjur á árinu	4.600.-
Frá Prastarl. V/unglingab.	<u>72.302.-</u>
Tap.	76.902,-
	178.856.-

kr. 1.358.593.-

E F N A F A G S R E I K N I N G U R U M S K 1973. pr. 30/9.

Skuldir.

1. Bankareikn. hlr.6505 í Samv.b.	294.623.70
2. Pinggjald	14.857.-
3. Ógreidd laun	8.746.-

Neikv. Höfuðstóll 1/10 '72. 105.842.-
Tap samkv. rekstrarreikn. 178.856.- (73.014.-)

245.212.70

REKSTRARREIKNINGUR ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR VARMÁ 1/10 72-30/9 '73

Gjöld.

1.	Laun kennara	131.000.-
2.	Laun starfsstúlku	171.163.- 302.163.-
3.	Matarkostnaður	246.783.40
4.	Auglýsingar	44.560.-
5.	Húsaleiga og sími	35.650.-
6.	Vaxtakostnaður	11.452.-
7.	Ýmsislegt	44.238.- 383.683.40 685.846.40

EFNAHAGSREIKNINGUR ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR VARMÁ 1/10 72-30/9 '73.

1.	Peningar í sjóði	3.569.40
1.	Ávísnareikn. 1257 B.í.	51.658.50 55.227.90
2.	Tæki og búnaður	10.378.-
3.	Matarílát	4.825.-
		70.430.90

REKSTRARREIKNAGAR ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR VARMÁ 1/10 '72-30/9 '73

Tekjur.

1. Páttökugj. æfingabúða	115.600.-
2. Páttökugj. unglingsabúða	<u>413.300.-</u> 528.900.-
3. Styrkir	. 69.160.-
4. Gjöf frá Mosfellshr.	25.000.-
5. Auglýsingar	: 5.000.-
6. Seldar matvörur	11.223.-
7. Vextir	540.-
<u>Halli</u>	<u>46.023.40</u>
	<u>685.846.40</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR VARMÁ 1/10 '72- 30/9 '73.

1. Skuldir við UMSK aðalsjóð	28.849.-
2. Samþ. víxill	150.000.-
3. Mosfellshreppur	37.648.60
Skuldir umf.eignir f.f.ári	100.043.30
<u>Rekstrarhalli skv.rekstrarr.</u>	<u>46.023.40 (146.066.70)</u>
	<u>70.430.90</u>

Við undirritaðir höfum skoðað framanskráða reikninga (rekstrar og efnahagsreikninga UMSK 1973 svo og rekstrar og efnahagsreikninga Íþróttamiðst. að Varmá) og höfum við ekkert við þá að athuga.

Rvk. 7. jan. 1974

Magnús Á. Bjarnason
Álfþór B. Jóhannsson

EIGNIR UMSK 1973.

15 borðfánar	50/-	750.-
1 félagsfáni og stöng	1000/-	1.000.-
2 kasthringir hjá Aft.	50/-	100.-
1 málband	100/-	100.-
2 skeiðklukkur Sundl.Kóp.	250/-	500.-
1 skrifstofuborð á skrifst.	5000/-	5.000.-
1 skrifstofustóll	700/-	700.-
1 rafmagnsritvél		71.995.-
		80.145.-
Afskrifað 1973	‡	8.014.-
afskrifað áður	‡	1.630.-
		70.501.-
Íþróttabúningar		14.300.-
‡ selt á árinu		3.900.-
		10.400.-

30/9 1973

eru í vörslu skrifst. UMSK ósledir
eirpeningar 80
silfurpeningar 46
og óafgreitt frá Þorbirni Jónssyni gullsmið
eirpeningar 70
silfurpeningar 60

Staðfest 7/1 '74

Guðmundur Gíslason

REKSTRARREIKNINGUR UMSK 1/10 '72 - 30/9 '73.

GJÖLD

I. Stjórnarkostnaður.

1. Laun framkvæmdarstjóra	544.350.-
2. Aksturskostnaður	127.310.-
3. Sími og burðargjöld	35.420.40
4. Húsnæði	42.000.-
5. Ritföng pappír ofl.	44.131.-
6. Viðhaldskostnaður	5.125.-
7. Launaskattur	19.330.-
8. Ýmislegt	<u>9.023.30</u> 826.689.70

II. Íþróttir.

1. Verðlaun	64.953.-
2. Mótskostnaður	39.678.-
3. Ferðakostnaður	44.582.-
4. Húsakostnaður	14.150.-
5. Þátttökugjöld í mórum	12.500.-
6. Ýmis kostnaður	<u>5.290.-</u> <u>181.153.-</u>
* Tekjur af mórum	<u>30.250.-</u> 150.903.-

III. Þing 50 ára.

1. Kostnaður	129.500.-
2. * tekjur v/sama	<u>10.700.-</u> 118.750.-

IV. Félagsmál og fundir.

38.350.-

V. Unglingabúðir Prastask.

1. Kostnaður	180.000.30
2. * þátttökugjöld	36.000.- 144.000.30

VI. Ýmislegt.

1. Efni fyrir félög	19.998.-
2. Ýmislegt	<u>37.632.-</u> 57.630.-

VII. Vextir.

14.256.-

Afskrifat af eignum

8.014.-

kr. 1.358.593.-

பா. வி. பா.

கோ.